

Leiðbeiningar um skráningu á virðisaukaskattsskrá

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
2	SKRÁNINGARSKYLDIR AÐILAR	3
2.1	ATVINNUSTARFSEMI LÖGADILA OG EINSTAKLINGA MEÐ SJÁLFSTÆÐAN REKSTUR	3
2.2	AÐILAR UNÐANÞEGNIR TEKJUSKATTSSKYLDU SKV. LÖGUM NR. 90/2003	3
2.3	OPINBER ORKU- OG VEITUFYRIRTÆKI	4
2.4	OPINBERIR AÐILAR Í SAMKEPPNI VIÐ ATVINNUFYRIRTÆKI	4
2.4.1	<i>Lögbundin starfsemi opinberra aðila</i>	4
2.4.2	<i>Eigin starfsemi opinberra aðila</i>	5
2.5	UPPBOÐSHALDARAR	5
2.6	UMBODSMENN ERLENDRA AÐILA	6
2.7	REKSTRARAÐILAR ALÞJÓÐAFLUGVALLA	6
2.8	REKSTRARAÐILAR Í UNÐANÞEGINNI STARFSEMI – EIGIN ÞJÓNUSTA	6
3	STARFSEMI UNÐANÞEGIN VIRÐISAUKASKATTI	7
3.1	STARFSEMI UNÐANÞEGIN VIRÐISAUKASKATTI SKV. 3. MGR. 2. GR, LAGA NR. 50/1988	7
3.2	STARFSEMI UNÐANÞEGIN VIRÐISAUKASKATTI SKV. 4. GR, LAGA NR. 50/1988	8
3.2.1	<i>Heildarvelta undir lágmarksfjárhæð</i>	8
3.2.2	<i>Listamenn</i>	9
3.2.3	<i>Skólamötuneyti</i>	10
4	SKRÁNING Á VIRÐISAUKASKATTSSKRÁ	10
4.1	SKYLDUBUNDIN SKRÁNING	10
4.1.1	<i>Fjárhæðarmörk</i>	10
4.1.2	<i>Tekjur hærri en kostnaður sem skilyrði skráningar</i>	10
4.1.3	<i>Tilkynning um virðisaukaskattsskylda starfsemi</i>	10
4.1.4	<i>Mismunandi uppgjörstímabil</i>	11
4.2	TÍMABUNDIN SKRÁNING	11
4.3	SÉRTÆKAR SKRÁNINGAR	11
4.3.1	<i>Sérstök skráning</i>	11
4.3.2	<i>Frjáls skráning</i>	12
4.3.3	<i>Fyrirfram skráning</i>	13
4.3.4	<i>Afturvirk skráning</i>	14
4.3.5	<i>Samskráning samstæðufélaga</i>	14
4.3.6	<i>Einföld skráning erlendra atvinnufyrirtækja (VOES)</i>	15
5	AFSKRÁNING	15
5.1	SKRÁNING AÐ NÝJU	16

1 Inngangur

Áður en aðilar hefja starfsemi sem er skattskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ber þeim tilkynna um starfsemina til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum. Í skráningunni felast bæði réttindi og skyldur sem vikið verður að í leiðbeiningum þessum en í þeim er einkum leitast við að skýra þær reglur sem gilda um skráningu á virðisaukaskattsskrá.

Í leiðbeiningum þessum er leitast við að skýra þær reglur sem gilda um skráningu á virðisaukaskattsskrá, hverjum ber að skrá sig og hverjir eru undanþegnir slíkri skyldu. Enn fremur er fjallað um mismunandi tegundir skráningar, skyldubundnar sem og valkvæðar.

2 Skráningarskyldir aðilar

2.1 Atvinnustarfsemi lögaðila og einstaklinga með sjálfstæðan rekstur

Þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu ber að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð. Hér er í grundvallaratriðum við það miðað að tilgangur starfseminnar sé að skila hagnaði. Starfsemi telst ekki vera rekin í atvinnuskyni ef samtals tekjur vegna hennar eru alltaf eða nær alltaf lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti vegna starfseminnar.

Undir hugtökin „sala“ og „afhending“ getur meðal annars fallið afhending án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki og eigin not fyrirtækis á vöru, þjónustu og öðrum verðmætum.

Ef virðisauki starfseminnar er neikvæður og tilgangur hennar ekki að skila hagnaði er ekki um atvinnustarfsemi að ræða heldur tómstundastarfsemi eða áhugarekstur af einhverju tagi sem ber ekki að tilkynna til skráningar á virðisaukaskattsskrá.

Ef fyrirtæki er á hinn bóginn rekið tímabundið með tapi, t.d. fyrst eftir stofnun þess eða vegna sérstakra aðstæðna, hefur það ekki í för með sér undanþágu frá skráningarskyldu. Nægilegt er að miðað sé að rekstrarhagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma.

Þeim sem hefur með höndum sjálfstæða starfsemi og uppfyllir önnur skilyrði um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila ber að tilkynna um starfsemina til skráningar hjá Skattinum. Sá hinn sami getur verið launamaður hjá atvinnurekanda en á sama tíma haft með höndum sjálfstæða atvinnustarfsemi og ber honum þá að tilkynna um framangreinda sjálfstæða starfsemi sína hjá Skattinum en ekki vegna starfs síns sem launþega.

2.2 Aðilar undanþegnir tekjuskattsskyldu skv. lögum nr. 90/2003

Skráningarskylda á virðisaukaskattsskrá hvílir á samvinnufélögum og öðrum félögum og stofnunum enda þótt þau séu undanþegin tekjuskattsskyldu samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eða sérstökum lögum, að því leyti sem þau selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skattskyldan tekur einnig til þess þegar einungis er selt félagsmönnum eða eingöngu eru seldar skattskyldar vörur og þjónusta félagsmanna.

Í tilviki þessara félaga skiptir ekki máli þó tilgangur sölunnar sé ekki að skila hagnaði. Skattskyldan er til staðar ef sala á sér stað sem er í samkeppni við atvinnufyrirtæki og einnig þó að engin sala eigi sér stað út fyrir félagið.

2.3 Opinber orku- og veitufyrirtæki

Opinberum orku- og veitufyrirtækjum sem selja skattskyldar vörur og þjónustu ber að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum og innheimta virðisaukaskatt í starfsemi sinni. Hér getur verið átt við sölu á rafmagni, varma og annarri orku.

Ekki er um að ræða skattskyldu eingöngu í þeim tilfellum þegar starfsemi opinberra orku- og veitufyrirtækja er í samkeppni við atvinnufyrirtæki, almenn skráningarskylda hvílir á þessum fyrirtækjum hvort sem aðilar á markaði hafa með höndum sambærilega starfsemi eða ekki.

Skilyrðið um að tekjur séu að jafnaði hærri en gjöld á þó við um þessa aðila.

Sömu reglur eiga við um hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

2.4 Opinberir aðilar í samkeppni við atvinnufyrirtæki

Opinberir aðilar, þ.e. ríki, bæjar- og sveitarfélög, svo og stofnanir og fyrirtæki alfarið í þeirra eigu, skulu tilkynna starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum og innheimta virðisaukaskatt þegar þeir selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skyldan tekur til þeirra opinberu aðila sem undanþegnir eru tekjuskattskyldu sem og fyrirtækja og stofnana þeirra sem þessir aðilar reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.

Sé samanlögð velta af hinni skattskyldu starfsemi að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með frádráttarbærum virðisaukaskatti til starfseminnar verður hinn opinberi aðili ekki skráður á virðisaukaskattsskrá enda eitt af skilyrðum skráningar að tekjur séu að jafnaði hærri en gjöld.

Fyrirtækjum sem eru að hluta til í eigu opinberra aðila ber skylda til að innheimta virðisaukaskatt og skila í ríkissjóð ásamt því að tilkynna starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum án tillits til þess hvort aðilar á almennum markaði hafa með höndum sambærilega starfsemi eða ekki.

Almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færsla eigin bókhalds og rafræn gagnavinnsla í eigin þágu, telst ekki vera starfsemi rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

2.4.1 Lögbundin starfsemi opinberra aðila

Lögbundin starfsemi opinberra aðila telst ekki vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki í eftirfarandi tilvikum:

- þegar öðrum aðilum er ekki heimilt að veita sambærilega þjónustu með sömu réttaráhrifum,
- þegar viðkomandi þjónusta beinist eingöngu að öðrum opinberum aðilum,
- hún verði ekki veitt af atvinnufyrirtækjum nema í umboði viðkomandi opinbers aðila
- að virðisaukaskattur af viðkomandi vinnu og þjónustu fái endurgreiddur skv. sérstökum endurgreiðsluheimildum til opinberra aðila.

Sem dæmi má nefna að gjaldtaka ríkisstofnana vegna starfsemi sem þær hafa með höndum í krafti opinbers valds, t.d. eftirlit með vörum, tækjum eða framleiðslu, hefur ekki í för með sér skyldu til að innheimta virðisaukaskatt, enda er þá ekki á valdi annars en viðkomandi stofnunar að veita sambærilega þjónustu með sömu réttaráhrifum. Sama gildir um gjaldtöku vegna ýmissa vottorða, útgáfu vegabréfs, ökuskírteinis o.s.frv.

2.4.2 Eigin starfsemi opinberra aðila

Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, stofnanir þeirra eða þjónustudeildir, sem hafa það að meginmarkmiði að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, skulu greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni að því leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

Fari starfsemin ekki fram í sérstöku fyrirtæki eða þjónustudeild skulu sveitarfélög og ríkisstofnanir reikna út virðisaukaskatt vegna slíkrar starfsemi og standa skil á honum í ríkissjóð.

Til skattskyldrar starfsemi samkvæmt framansögðu er meðal annars eftirfarandi starfsemi, að svo miklu leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki:

1. Byggingarstarfsemi.
2. Vegagerð og lagning gatna, gerð gangstétta, bílastæða, brúa, hafna o.þ.h.
3. Framleiðsla og lagning bundins slitlags á umferðarmannvirki.
4. Lagning holræsa og vatnslagna.
5. Gerð íþróttamannvirkja.
6. Viðhald bygginga, gatna, lagna og annarra mannvirkja.
7. Þjónusta þar sem krafist er iðnmenntunar.
8. Öryggisvarsla, þ.e. eftirlit með verðmætum og starfsemi, utan venjulegs opnunartíma.

Skyldan til að reikna virðisaukaskatt af eigin þjónustu tekur ekki til eftirfarandi vara og þjónustu þar sem opinberir aðilar eiga rétt á endurgreiðslu á greiddum virðisaukaskatti vegna slíkra kaupa:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þ.m.t. brotamálma, sem fellur til í þjóðfélaginu, án tillits til þess hvort um reglubundna starfsemi er að ræða. Virðisaukaskattur vegna endurvinnslu fellur ekki hér undir. Jafnframt skal endurgreiða virðisaukaskatt sem sveitarfélög greiða vegna leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar söfnunar sorps.
2. Ræstingu.
3. Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.
4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.
5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, tölvunarfræðinga og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.
6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar skv. [lögum nr. 40/2008, um samræmda neyðarsvörun.](#)

2.5 Uppboðshaldarar

Uppboðshaldarar eru almennt skyldir til að innheimta virðisaukaskatt af söluandvirði og standa skil á honum til ríkissjóðs. Gildir þetta jafnt um hina opinberu uppboðshaldara, t.d.

vegna nauðungarsölu, og þá sem hafa með höndum frjáls uppboð, t.d. listmunauppboð. Uppboðshaldarar skulu innheimta virðisaukaskatt af söluandvirði og tilkynna um starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum.

Sá þáttur í starfsemi uppboðshaldara sem felst í nauðungarsölu fasteigna ásamt tilheyrandi fylgifé er þó ekki skráningarskyldur. Uppboðshaldarar sem eingöngu selja á listmunauppboðum listaverk sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000 til 9703.0000, sbr. kafla 3.2.2, eru einnig undanþegnir skráningarskyldu.

2.6 Umboðsmenn erlendra aðila

Erlend fyrirtæki sem selja hér á landi vöru eða skattskylda þjónustu skulu tilkynna starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum, innheimta virðisaukaskatt og skila honum í ríkissjóð. Fjárhæðamörk, sbr. kafla 3.2.1, gilda um sölu hinna erlendu aðila. Hafi erlent fyrirtæki, sem hefur með höndum skattskylda starfsemi hér á landi, ekki starfstöð hérlendis (útibú eða dótturfyrirtæki) hvílir skráningar- og skattskylda á umboðsmanni þess eða öðrum innlendum aðila sem er í fyrirsvari fyrir það. Sameiginleg og óskipt ábyrgð hvílir á hinum erlenda aðila og umboðsmanni á greiðslu innheimts virðisaukaskatts.

Umboðsmaður erlends aðila getur hvort sem er verið einstaklingur eða lögaðili.

2.7 Rekstraraðilar alþjóðaflugvalla

Rekstraraðilar alþjóðaflugvalla eru skráningarskyldir á virðisaukaskattsskrá vegna þjónustu sinnar við millilandaför og farþega þeirra. Ekki ber þó að innheimta virðisaukaskatt af slíkri þjónustu þar sem hún telst til undanþeginnar veltu.

Þeir flugvellir sem hér um ræðir eru Keflavíkurflugvöllur, Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur.

2.8 Rekstraraðilar í undanþeginni starfsemi – eigin þjónusta

Fyrirtæki, félag, stofnanir og aðrir aðilar sem hafa með höndum undanþegna starfsemi sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 skulu greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila.

Eftirfarandi starfsemi er skattskyld að svo miklu leyti sem hún er í samkeppni við atvinnufyrirtæki:

- Smíði, viðhald og viðgerðir véla, tækja, húsgagna og áhald í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð.
- Rekstur þvottahúss, prentstofu og mötuneytis.
- Ræsting, enda sé skattverð ákvarðað skv. sérstökum reglum þar um og tekur fjárhæð þess breytingum í upphafi hvers árs. Sjá nánari upplýsingar í árlegu ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra um breytingu grunnfjárhæða.
- Þjónusta þar sem krafist er iðnmenntunar.
- Þjónusta verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, tölvunarfræðinga og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífínu og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.

- Öryggisvarsla, þ.e. eftirlit með verðmætum og starfsemi, utan venjulegs opnunartíma.

Þegar meta skal hvort starfsemi sé rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki er horft til þess hvort viðkomandi vara eða þjónusta sé almennt í boði hjá virðisaukaskattsskyldum atvinnufyrirtækjum og skiptir ekki máli í því sambandi hvort eða hve mikið aðili selur af slíkum vöru eða þjónustu til annarra.

Líkt og fram kemur um skattskyldu opinberra aðila, í kafla 2.4, telst almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færsla eigin bókhalds og rafræn gagnageymsla í eigin þágu, ekki vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

3 Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti

3.1 Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988

Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er tæmandi talin sú vinna og þjónusta sem undanþegin er virðisaukaskatti. Þeir rekstraraðilar sem hafa með höndum slíka starfsemi eiga ekki að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum og innheimta því ekki virðisaukaskatt af þjónustu sinni í hinni undanþegnu starfsemi. Hins vegar eru þessir aðilar ekki undanþegnir frá greiðslu virðisaukaskatt af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi.

Eftirfarandi starfsemi er undanþegin virðisaukaskatti skv. ákvæðum 3. mgr. 2. gr.:

- Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar, önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta og sjúkraflutningar.
- Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
- Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla, flugkennsla og danskennsla.
- Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.
- Íþróttastarfsemi. Aðgangseyrir að íþróttamótum, íþróttakappleikjum og íþróttasýningum. Jafnframt aðgangseyrir og aðrar þóknanir fyrir afnot af íþróttamannvirkjum til íþróttaiðkunar, svo sem íþróttasölum, íþróttavöllum, sundlaugum og skíðalyftum ásamt íþróttabúnaði mannvirkjanna. Enn fremur aðgangseyrir að líkamsræktarstöðvum.
- Almenningsgöngur, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðþjónustu fatlaðs fólks, skipulagðrar ferðþjónustu aldraðra og skipulagðs flutnings skólabarna. Sama gildir um akstur leigubifreiða. Að því leyti sem fólksflutningar eru undanþegnir samkvæmt ákvæði þessu nær undanþágan til farangurs farþega og flutnings ökutækja sem er í beinum tengslum við flutning farþega.

- Póstþjónusta vegna bréfasendinga, svo sem móttaka og dreifing á árituðum bréfum, þ.m.t. póstkortum, blöðum og tímaritum.
- Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða. Útleiga hótél- og gistiherbergja og útleiga tjaldstæða er þó skattskyld, svo og önnur gistiþjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar. Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.
- Sala á og milliganga um fjármálaþjónustu, þó ekki eignaleigu lausafjár, útleigu geymsluhólfa eða ráðgjafarþjónustu, tækniþjónustu og aðra þjónustu sem ekki er veitt í beinum tengslum við sölu fjármálaþjónustu. Undir ákvæðið fellur m.a.:
 - a. váttryggingastarfsemi og dreifing váttrygginga,
 - b. móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi,
 - c. útlánastarfsemi,
 - d. greiðsluþjónusta,
 - e. viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti,
 - f. rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða,
 - g. útgáfa rafeyris.
- Happraætti og getraunastarfsemi.
- Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.
- Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

Hugtakið „blönduð starfsemi“ er notað um starfsemi þeirra sem bæði hafa með höndum skattskylda starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti. Þegar svo háttar til ber viðkomandi aðila að tilkynna um hina skattskyldu starfsemi til Skattsins til skráningar á virðisaukaskattsskrá og gilda sérstakar reglur um uppgjör á virðisaukaskatti, þ.e. heimildir til færslu innskatts, í slíkum tilvikum.

3.2 Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti skv. 4. gr. laga nr. 50/1988

3.2.1 Heildarvelta undir lágmarksfjárhæð

Aðila ber ekki skylda til að skrá sig á virðisaukaskattsskrá ef samanlagðar tekjur af sölu vöru og virðisaukaskattsskyldrar þjónustu eru lægri en 2.000.000 kr. án virðisaukaskatts á hverju 12 mánaða tímabili. Hér er þó um valkvæða skráningu að ræða og er aðila með veltu undir fjárhæðarmörkunum heimilt að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá með þeim réttindum og skyldum sem slíkri skráningu fylgja. Þegar fyrirséð er að umræddu fjárhæðarmarki verði náð er aðila skylt að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum. Ekki er krafist greiðslu skatts af sölu sem á sér stað fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá en jafnframt má ekki telja til innskatts virðisaukaskatts sem greiddur er fyrir skráninguna vegna kaupa á aðföngum til starfseminnar.

Við ákvörðun þess hvort sala aðila nái lágmarki samkvæmt ákvæðinu skal miða við heildarsölu hans á skattskyldri vöru og þjónustu, þ.m.t. sölu sem undanþegin er skattskyldri veltu samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laganna. Hins vegar skiptir starfsemi, sem undanþegin er skattskyldu samkvæmt 3. mgr. 2. gr., ekki máli í þessu sambandi. Reki aðili starfsemi í fleiri en einni atvinnugrein ber að miða við samtals sölu í þeim öllum.

3.2.1.1 Lágmarksfjárhæð náð

Lágmarksfjárhæðin, sbr. kafli 3.2.1, miðast við nettóveltú, þ.e. sölu án virðisaukaskatts á tólf mánaða tímabili frá því starfsemin hefst. Einstök sala aðila, t.d. sala hans á einum hlut, kann að verða til þess að hann nær lágmarkinu. Honum ber þá að innheimta skatt af þeirri sölu í heild sinni, ekki aðeins þeim hluta sem er umfram lágmarkið.

3.2.2 Listamenn

Sala listamanns á eigin verkum er undanþegin skráningarskyldu, enda falli listaverk hans undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000. Eftirfarandi listaverk falla hér undir:

1. Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, þó ekki:
 - a. uppdrættir og teikningar til notkunar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum, landlagsfræði eða þess háttar handgerð frumverk,
 - b. handskrifaður texti,
 - c. ljósmyndir á ljósnæmum pappír og
 - d. handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir.
2. Klippimyndir og áþekk veggskreytisþjöld.
3. Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti, þ.e. myndir sem þrykktar eru beint í svörtu og hvítu eða í lit með einni eða fleiri plötum sem listamaðurinn hefur gert að öllu leyti í höndunum, án tillits til þeirra aðferða eða efnis sem hann notar, þó ekki með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.
4. Frumverk af höggmyndum og myndastyttum úr hvers konar efni. Til þessa flokks teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru.

Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekk veggskreytisþjöld, stungur, þrykk eða steinprent skoðast sem hluti af þeim vörum sem taldar eru upp hér að framan, enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu samræmi við þær.

Að öðru leyti en að framan greinir skiptir ekki máli til hverra nota listaverk er selt. Þannig tekur undanþágan til sölu listamanna á myndskreytingum og teikningum til notkunar í bók, þ.m.t. á bókarkápu, svo og til notkunar sem ritstjórnarefni í dagblaði eða tímariti. Skilyrði er að um sé að ræða eigin verk seljanda, að öllu leyti gert í höndum, og að ekki sé um að ræða auglýsingateikningu.

Sala á fjölfölduðu listaverki listamanns fellur ekki undir undanþáguna enda telst það ekki gert í höndum listamannsins að öllu leyti. Sama gildir þótt listamaðurinn geri sérhvert eintak einstakt með sér merkingum og áritun nafns síns. Enn fremur verður sala á nytjamunum, sem telja verður að eigi sér hliðstæður í almennri verslunarvöru, ekki felld undir undanþáguákvæðið hvort sem þeir séu verksmiðjuframleiddir eða handunnir, þótt þeir hafi einnig listrænt gildi sem kann að njóta verndar höfundalaga nr. 73/1972. Af þeim sökum telst sala á nytjamunum ekki falla undir undanþáguákvæðið þrátt fyrir að listmunirnir hafi verið hluti af stærra listaverki sem í heild sinni fellur undir ákvæðið. Sé listaverkið brotið niður í marga hluta þar sem hver og einn telst til nytjalistar, verða þeir því ekki taldir falla undir ákvæðið.

Undanþáguákvæðið tekur ekki til þess tilviks þegar birtingarréttur er eingöngu framseldur, þ.e. þegar ekki er um að ræða eigin sölu á listaverki.

Sala á auglýsingateikningum, uppdráttum og teikningum að nytjahlutum, svo og öðrum uppdráttum og teikningum til notkunar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum og landslagsfræði fellur ekki undir undanþáguákvæðið og telst að fullu virðisaukaskattsskyld starfsemi.

3.2.3 Skólamötuneyti

Sá sem hefur með höndum rekstur skólamötuneytis er undanþeginn skráningarskyldu á virðisaukaskattsskrá vegna reksturs mötuneytisins. Skilyrði fyrir undanþágu er að sala eigi sér stað beint til nemenda. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort skólinn sjálfur er seljandi fæðisins eða sjálfstætt starfandi fyrirtæki á grundvelli samnings við skólann. Undanþágan tekur þó ekki til rekstraraðila sem selur fæði til skólans sem áframselur svo það til nemenda.

Undanþágan nær því eingöngu til beinnar sölu til nemenda en ekki til skólans, starfsmanna hans eða gesta skólans.

4 Skráning á virðisaukaskattsskrá

Mismunandi reglur gilda um skráningu á virðisaukaskattsskrá m.a. með tilliti til þess hvort um sé að ræða skyldubundna eða valkvæða skráningu.

4.1 Skyldubundin skráning

Þeir sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi skulu tilkynna starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum eigi síðar en átta dögum áður en starfsemin hefst. Frá og með skráningardegi ber hinum skráða að innheimta virðisaukaskatt vegna sölu sinnar á vörum og skattskyldri þjónustu og jafnframt nýtur hann frá sama tímamarki heimildar til færslu innskatts vegna kaupa á aðföngum til hins virðisaukaskattsskylda hluta rekstrarins.

4.1.1 Fjárhæðarmörk

Líkt og fram kemur í kafla 3.2.1 er sá ekki skráningarskyldur sem hefur samanlagðar tekjur af sölu vöru og virðisaukaskattsskyldrar þjónustu að fjárhæð 2.000.000 kr. án virðisaukaskatts eða minna á hverju 12 mánaða tímabili. Hér er þó um valkvæða skráningu að ræða og er aðila með veltu undir fjárhæðarmörkunum heimilt að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá með þeim réttindum og skyldum sem slíkri skráningu fylgja.

4.1.2 Tekjur hærri en kostnaður sem skilyrði skráningar

Forsenda skráningar á virðisaukaskattsskrá er að tekjur séu hærri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti vegna starfseminnar. Þannig þarf starfsemi aðila að vera rekin í hagnaðarskyni svo hann verði skráður á virðisaukaskattsskrá. Séu tekjur að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng til starfseminnar verður aðili ekki skráður á virðisaukaskattsskrá vegna þeirrar starfsemi.

4.1.3 Tilkynning um virðisaukaskattsskylda starfsemi

Þegar aðili hefur með höndum skráningarskylda starfsemi ber honum að tilkynna starfsemi sína til Skattsins til skráningar á virðisaukaskattsskrá. Skráning fer þannig fram að eyðublað [RSK 5.02](#) er fyllt út eins og form þess gerir ráð fyrir, undirritað og sent til Skattsins á netfangið skatturinn@skatturinn.is í síðasta lagi átta dögum áður en starfsemi hefst. Eyðublaðið er jafnframt tilkynning til launagreiðendaskrár Skattsins.

Nauðsynlegt er að fylla út eyðublaðið eins og form þess gerir ráð fyrir. Sé það sent inn með ófullnægjandi upplýsingum verður erindinu vísað frá og skráning á virðisaukaskattsskrá fæst ekki.

4.1.4 Mismunandi uppgjörstímabil

Uppgjörstímabil virðisaukaskatts geta verið mismunandi en almenna reglan er sú að innheimtum virðisaukaskatti að frádregnum greiddum virðisaukaskatti af aðföngum til starfseminnar er skilað í ríkissjóð á tveggja mánaða fresti. Gjalddaginn er einum mánuði og fimm dögum eftir lok hins tveggja mánaða tímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast gjaldagi á næsta virka dag á eftir.

Sé velta í starfsemi 4.000.000 kr. eða minni á heilu almanaksári ber að nota næsta almanaksár á eftir sem uppgjörstímabil. Er þá innheimtum virðisaukaskatti að frádregnum greiddum virðisaukaskatti af aðföngum til starfseminnar skilað einu sinni á ári eða þann 5. febrúar fyrir næstliðið ár.

Sérstakt uppgjörstímabil gildir fyrir þá sem hafa með höndum starfsemi í landbúnaði en þeir gera upp virðisaukaskattinn á sex mánaða fresti. Gjalddagi aðila í landbúnaði er tveimur mánuðum eftir lok hvers uppgjörstímabils, þ.e. 1. september fyrir tímabilið janúar-júní og 1. mars fyrir tímabilið júlí-desember. Þó skulu þeir sem hafa 60% eða meira af heildar atvinnurekstartekjum af annars konar starfsemi en landbúnaði skila virðisaukaskattinum á tveggja mánaða fresti.

Upplýsingar um [uppgjör og skil í virðisaukaskatti](#), þ.m.t. um gjalddaga í virðisaukaskatti.

4.2 Tímabundin skráning

Aðili, sem tímabundið hefur með höndum skattskylda starfsemi, getur fengið heimild ríkisskattstjóra til að skrá starfsemi sína um fyrirfram ákveðinn tíma. Tímabundin skráning getur hið skemmsta verið einn almanaxsmánuður og lengst tveir almanaxsmánuðir.

4.3 Sértækar skráningar

Í ákveðnum tilvikum geta aðilar óskað eftir sértækri skráningu á virðisaukaskattsskrá en í þeim tilvikum er um að ræða valkvæða skráningu, ólíkt þeirri skyldubundinni skráningu sem um er fjallað í kafla 4.1. Beiðni um sértæka skráningu samkvæmt þessum kafla er með sama hætti og tilkynning um skyldubundna skráningu, sbr. kafli 4.1.3.

4.3.1 Sérstök skráning

Fasteign fellur ekki undir vöruhugtak virðisaukaskattslaga. Kaup og sala fasteigna ber því ekki virðisaukaskatt og eiga þeir sem hafa með höndum starfsemi við að byggja og selja fasteign ekki að tilkynna þá starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum. Þrátt fyrir að sala fasteigna sé ekki virðisaukaskattsskyld ber byggingaraðilum að skrá sig á virðisaukaskattsskrá og skila útskatti af launum sem reiknuð eru á útsöluverði og af notkun byggingaraðila og starfsmanna hans á eigin eða leigðum tækjum við byggingaframkvæmdirnar, sbr. auglýsing ríkisskattstjóra nr. 8/1994.

Þeir sem byggja fasteign á eigin lóð eða leigulóð og selja hana til aðila sem skráður er samkvæmt lögum um virðisaukaskatt geta sótt um sérstaka skráningu til Skattsins með þeim réttindum og skyldum sem slíkri skráningu fylgja. Aðeins er hægt að fá sérstaka skráningu vegna byggingar atvinnuhúsnæðis til nota í virðisaukaskattsskyldri starfsemi.

4.3.1.1 Umsókn um sérstaka skráningu

Í skriflegri umsókn um sérstaka skráningu þurfa eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Nafn, kennitala, símanúmer og netfang umsækjanda.
- Staðsetning og fermetrafjöldi húsnæðis.
- Upphafsdagur sérstakrar skráningar og hvenær áætlað er að byggingarframkvæmdum ljúki.
- Upplýsingar um byggingaraðila, þ.e. hvort eigin starfsmenn eða aðkeyptir verktakar muni sjá um bygginguna. Vakin er athygli á því að ef eigin starfsmenn byggja fasteignina ber byggingaraðila að reikna útskatt af starfseminni skv. reglugerð nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
- Hver áætluð nýting fasteignarinnar er eftir fermetrafjölda, svo sem hvort húsnæðið hafi verið selt eða leigt virðisaukaskattsskyldum aðila.
- Áætlaður byggingarkostnaður.
- Sundurliðuð kostnaðaráætlun.

Ef óskað er afturvirktrar skráningar þurfa að liggja fyrir virðisaukaskattsskýrslur fyrir þau uppgjörstímabil sem liðin eru þegar beiðni um skráningu berst ásamt hreyfingalistum yfir innskatt fyrir öll tímabilin.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja með umsókn um sérstaka skráningu:

- Skriflegur og fullgildur kaupsamningur byggingaraðila og skráðs aðila um fasteignina.
- Yfirlýsing kaupanda um ætluð not hans á fasteigninni.
- Yfirlýsing kaupanda um að hann skuldbindi sig til yfirtöku á kvöð um leiðréttingu innskatts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, ef breyting verður á notkun fasteignar sem hefði í för með sér breytingu á frádráttarrétti.

Framangreindum yfirlýsingum um ætluð not og yfirtöku á kvöð um leiðréttingu innskatts skal þinglýsa á viðkomandi fasteign.

Hafi byggingaraðili ekki gert samning um sölu atvinnurekstrarhúsnæðis í lok fyrsta uppgjörstímabils eftir að framkvæmdir hófust getur hann fengið heimild ríkisskattstjóra til sérstakrar skráningar, enda fallist ríkisskattstjóri á skýrslu aðila um að viðkomandi eign sé ætluð til nota fyrir atvinnurekstur skráðs aðila. Skilyrði fyrir slíkri skráningu er að byggingaraðili leggi fram tryggingu fyrir áætluðum virðisaukaskatti af byggingarkostnaði eignarinnar og skal hún vera í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka.

Berist tilskilin gögn og upplýsingar ekki með umsókn má gera ráð fyrir að beiðninni verði vísað frá án frekari athugasemda.

4.3.1.2 Leiðrétting innskatts

Upplýsingar um [leiðréttingu innskatts](#) ef fasteign sem byggð var í sérstakri skráningu er tekin undir önnur not en virðisaukaskattsskylda starfsemi.

4.3.2 Frjáls skráning

Sá sem í atvinnuskyni leigir fasteign eða hluta fasteignar getur sótt um frjálsa skráningu til Skattsins. Frjáls skráning getur ekki tekið til húsnæðis sem nýtt er að öllu leyti eða að hluta sem íbúðarhúsnæði.

Frjáls skráning getur ekki verið til skemmri tíma en tveggja ára. Hafi fasteign ekki verið tekin í notkun við upphaf frjálsrar skráningar, t.d. ef hún er enn í byggingu, reiknast tveggja ára fresturinn að jafnaði frá þeim tíma þegar leigutaki tekur eignina í notkun. Ef um er að ræða nýbyggingu eða verulegar endurbætur á eign fyrir þann tíma er hægt að sækja um sérstaka skráningu vegna þeirra framkvæmda.

Leigusali, sem fær heimild til frjálsrar skráningar, skal innheimta útskatt af leigugjaldinu. Hann getur talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur eftir skráninguna á kaup hans á vörum og skattskyldri þjónustu til nota við þá eign sem frjáls skráning tekur til. Verði breyting á notkun eignarinnar þannig að skilyrði fyrir skráningunni eru ekki lengur fyrir hendi skal leiðrétta innskattsfrádrátt, sbr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Tilkynna skal Skattinum um breytingar á notkun fasteignar eigi síðar en átta dögum eftir að breyting hefur átt sér stað.

4.3.2.1 Umsókn um frjálsa skráningu

Sækja þarf skriflega um frjálsa skráningu og í umsókn þurfa eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Nafn, kennitala, símanúmer og netfang umsækjanda.
- Staðsetning þeirrar fasteignar sem hin frjálsa skráning á að ná til.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um frjálsa skráningu:

- Skriflegur leigusamningur þar sem leigufjárhæð kemur fram.
- Þinglýst yfirlýsing leigutaka um að hann samþykki fyrir sína hönd frjálsa skráningu og þar með greiðslu virðisaukaskatts af leigugjaldi. Þessi yfirlýsing getur legið fyrir í leigusamningi.
- Staðfesting umsækjanda um að hann hafi yfirráð yfir fasteigninni sem um ræðir. Ef umsækjandi er ekki eigandi viðkomandi fasteignar þarf að liggja fyrir heimild til framleigu.

4.3.3 Fyrirfram skráning

Aðstæður geta verið með þeim hætti að aðili uppfylli ekki skráningarskilyrðið um að samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu séu að jafnaði hærrí en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Engu að síður er starfseminni ætlað að skila hagnaði á síðari stigum.

Slíkir aðilar sem stunda starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi geta sótt um fyrirfram skráningu ef sýnt er fram á að kaup á fjárfestingarvöru standi í beinu sambandi við sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstartímabilum.

Slík fyrirfram skráning gildir í tólf mánuði, en aðili sem skráður hefur verið fyrirfram skráningu getur fengið skráningu í tólf mánuði til viðbótar hjá Skattinum, þyki staðfest að forsendur skráningar séu óbreyttar frá því að aðili var skráður í upphafi. Þyki eðlilegt að starfsemin hafi ekki skilað tekjum innan þess tíma getur ríkisskattstjóri veitt aðila áframhaldandi skráningu til allt að tíu ára, mest tvö ár í senn.

4.3.3.1 Skilyrði fyrirfram skráningar

- Að um sé að ræða atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem miði að rekstrarhagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma.

- Að fjárfesting aðila í varanlegum rekstrarfjármunum, þar með talið fasteignum og ræktun eða vörubirgðum, sé veruleg á sama tíma og eðlilegt sé vegna eðlis starfseminnar að hún skili ekki rekstrartekjum, en ekki er nægjanlegt að aðili hafi verulegan kostnað af virðisaukaskatti vegna almenns rekstrarkostnaðar.
- Að fyrirsjáanlegt sé að starfsemin muni skila tekjum.
- Ef ekki er fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum er heimilt að leggja fram tryggingu fyrir virðisaukaskatti, í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka.

4.3.3.2 Umsókn um fyrirfram skráningu

Þeir sem óska slíkrar skráningar skulu senda Skattinum, ásamt tilkynningu um skráningu (RSK 5.02), rekstraráætlun, greinargerð og önnur gögn um starfsemina til staðfestingar því að um eðlilega rekstraruppbyggingu verði að ræða. Enn fremur skal veita upplýsingar um fyrirhugaða fjármögnun verkefnisins á meðan á uppbyggingartíma stendur.

4.3.4 Afturvirk skráning

Í ákveðnum tilfellum geta aðilar fengið skráningu með upphafsdagsetningu aftur í tímann, þ.e. ef aðila hefur verið synjað um skráningu en síðar kemur í ljós að hann uppfyllir skilyrðin eða setur fram tryggingu. Í slíkum tilvikum er ríkisskattstjóra heimilt að skrá aðila afturvirk til þess dags sem telja verður upphafsdag rekstrar. Afturvirk skráning getur tekið til þess tíma sem liðinn er af yfirstandandi ári, þ.e. til 1. janúar yfirstandandi árs, ef umsókn berst ríkisskattstjóra eftir 15. mars. Ef sótt er um afturvirka skráningu fyrir 15. mars þá getur hún að auki tekið til alls síðasta árs. Skilyrði fyrir afturvirkri skráningu er að um sömu starfsemi sé að ræða og áður var tilkynnt um.

Þegar óskað er afturvirkrar skráningar á virðisaukaskattsskrá þurfa að fylgja með umsókn virðisaukaskattsskýrslur fyrir öll uppgjörstímabil sem fallin eru í gjalddaga frá því skráningar er óskað fram til umsóknardags.

4.3.5 Samskráning samstæðufélaga

Tveimur eða fleiri hlutafélögum og einkahlutafélögum er heimilað að vera samskráð hvað varðar skil á innheimtum virðisaukaskatti innan samstæðunnar að nokkrum skilyrðum uppfylltum.

Markmið með upptöku samskráningar er að gera móður- og dótturfélögum kleift að vera ein skattaleg eining þannig að heildar virðisaukaskattur allra félaganna yrði jafn hár og hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi. Þegar um er að ræða skattskyld viðskipti milli félaganna innan samskráningar sem einnig varða skattskyldan rekstur kaupanda er ekki lagður á virðisaukaskattur í viðskiptunum.

Samskráning er til hægðarauka fyrir hin skráðu félög þar sem út- og innskattur jafnast út og af þeim ástæðum ber þeim ekki að innheimta virðisaukaskatt í viðskiptum sín á milli með nokkrum undantekningum sem tilgreindar.

Nánari upplýsingar um [samskráningu félaga](#).

4.3.5.1 Skilyrði samskráningar

Skilyrði samskráningar er að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samskráningar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samskráningunni. Einnig þurfa öll félögin að hafa sama reikningsár og samskráningin skal standa í að minnsta kosti fimm ár.

4.3.5.2 Umsókn um samskráningu

Beiðni um samskráningu skal berast Skattinum eigi síðar en átta dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til. Berist beiðni eftir það tímamark verður beiðni um samskráningu synjað hvað varðar fyrsta árið sem samskráningu er ætlað að ná til. Beiðnin skal send inn í nafni móðurfélagsins. Breytingar á forsendum samskráningar, svo sem breytt eignarhald, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting hefur átt sér stað.

4.3.6 Einföld skráning erlendra atvinnufyrirtækja (VOES)

Erlent atvinnufyrirtæki með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, getur valið á milli almennrar skráningar, sbr. kafli 4.1, eða einfaldrar skráningar vegna skila á virðisaukaskatti hér á landi.

Þessi heimild tekur einnig til erlends atvinnufyrirtækis sem selur hingað til lands í áskrift blöð og tímarit á pappírformi og erlends ferðaþjónustuaðila sem selur virðisaukaskattsskylda þjónustu hingað til lands ef salan á sér stað til annarra en atvinnufyrirtækja.

Þegar erlent atvinnufyrirtæki hefur fengið einfalda skráningu er því ekki heimilt að færa virðisaukaskatt af aðföngum sínum til innskatts en það getur þó átt rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt ákvæði 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988. Nánari upplýsingar um [endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja](#).

Þessar reglur taka á sama hátt til umboðsmanna og annarra þeirra aðila sem eru í fyrirsvari fyrir erlend atvinnufyrirtæki.

Einföld skráning á ekki við þegar fyrirtæki hefur fasta starfsstöð hér á landi vegna sölu á vöru og skattskyldri þjónustu.

4.3.6.1 Umsókn um einfalda skráningu

Sótt er um einfalda skráningu á vefslóðinni voes.rsk.is og getur fyrirtækið sjálft óskað skráningar í eigin nafni. Erlent fyrirtæki sem fær heimild til einfaldrar skráningar þarf ekki umboðsmann hér á landi til að sjá um innheimtu og skil á virðisaukaskatti fyrir sína hönd.

5 Afskráning

Við lok rekstrar eða þegar skilyrði skráningar teljast ekki uppfyllt ber að senda Skattinum tilkynningu um afskráningu (RSK 5.04) ekki síðar en átta dögum frá því rekstri lauk. Sinni aðili ekki þessari tilkynningarskyldu sinni skal ríkisskattstjóri úrskurða hann af virðisaukaskattsskrá.

Hafi virðisaukaskattur skattaðila verið áætlaður samfellt í tvö uppgjörstímabil eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella hann af virðisaukaskattsskrá.

Ríkisskattstjóri hefur enn fremur heimild til að afskrá aðila af virðisaukaskattsskrá hafi hann ekki orðið við ítrekaðri beiðni hans um að leggja fram gögn og upplýsingar um rekstur sinn sem og ef aðili hefur sætt áætlun opinberra gjalda eða er í vanskilum með þau enda sé hann ekki með gilda greiðsluáætlun við innheimtumann við ríkissjóðs vegna vanskilanna.

5.1 Skráning að nýju

Hafi aðili verið afskráður af virðisaukaskattsskrá vegna áætlana í virðisaukaskatti þarf hann að gera fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti til að geta skráð sig að nýju. Ríkisskattstjóri getur heimilað aðila að leggja fram tryggingu í stað fullnægjandi skila.

Greiðslusamkomulag við innheimtumann ríkissjóðs telst ekki til fullnægjandi skila í þessu sambandi.